

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1229

2024/EES/25/05

frá 11. júlí 2022

um breytingu á ákvörðunum 2014/312/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun

(tilkynnt með númeri C(2022) 4739) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að veita megi vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB. Setja skal sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 2) Með ákvörðun 2014/312/ESB <sup>(2)</sup> kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 31. desember 2022.
- 3) Með ákvörðun 2014/391/ESB <sup>(3)</sup> kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 28. júlí 2022.
- 4) Með ákvörðun 2014/763/ESB <sup>(4)</sup> kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 31. desember 2022.
- 5) Með ákvörðun (ESB) 2016/1332 <sup>(5)</sup> kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „húsgögn“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 28. júlí 2022.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 189, 18.7.2022, bls. 20. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2022 frá 23. september 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 31, 20.4.2023, bls. 65.

(1) Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB frá 28. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss (Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 45).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB frá 23. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur (Stjtið. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 18).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB frá 24. október 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur (Stjtið. ESB L 320, 6.11.2014, bls. 46).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1332 frá 28. júlí 2016 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir húsgögn (Stjtið. ESB L 210, 4.8.2016, bls. 100).

- 6) Með ákvörðun (ESB) 2017/176 <sup>(6)</sup> kom framkvæmdastjórnin á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „gólflklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun mun renna út 26. janúar 2023.
- 7) Í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB frá 30. júní 2017 <sup>(7)</sup> lagði framkvæmdastjórnin, ásamt umhverfismerkinganefnd ESB, mat á og staðfesti vægi framangreindra vöruflokka fyrir kerfið um umhverfismerki ESB.
- 8) Enn fremur er framkvæmdastjórnin, ásamt umhverfismerkinganefnd ESB, í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB frá 30. júní 2017, að koma í framkvæmd lausnum til að bæta samvirkni þvert á vöruflokka og til að auka notkun umhverfismerkis ESB, þ.m.t. að samþætta náskylda vöruflokka eftir því sem við á og sjá til þess að í endurskoðunarferlinu sé viðeigandi athygli beint að samræmi milli viðeigandi stefna ESB, löggjafar og vísindabekkingar.
- 9) Til að greiða enn frekar fyrir umbreytingunni yfir í hagkerfi með meiri hringrás er framkvæmdastjórnin að prófa samþættingu aðferðarinnar við mælingu umhverfisspors vöru <sup>(8)</sup> í endurskoðun viðmiðana fyrir umhverfismerki ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur og fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss í samræmi við nýju aðgerðaáætlunina um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu <sup>(9)</sup>. Því er rétt að framlengja gildistíma viðmiðananna fyrir umhverfismerki ESB sem settar eru fram í ákvörðunum 2014/312/ESB og 2014/763/ESB til að framkvæmdastjórnin geti framkvæmt endurskoðunina á viðmiðunum fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss þegar iðngreinin hefur lokið endurskoðuninni á reglunum um vöruflokka í tengslum við umhverfisspor vöru fyrir málningu til skreytingar <sup>(10)</sup> og til að ljúka yfirstandandi endurskoðun á viðmiðunum fyrir ídrægar hreinlætisvörur, sem hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir, með því að fella inn rannsóknir á mælingum á umhverfisspori vöru.
- 10) Af sömu ástæðu skal endurskoða viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir rúmdýnur, fyrir húsgögn og fyrir gólflklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus í samræmi við nýju aðgerðaáætlunina um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu og tengt, væntanlegt frumkvæði að löggjöf. Því er viðeigandi að framlengja gildistíma viðmiðananna fyrir umhverfismerki ESB, sem settar eru fram í ákvörðunum 2014/391/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176, fram að sömu lokadagsetningu til að framkvæmdastjórnin geti endurskoðað viðmiðanirnar fyrir þessa þrjá vöruflokka saman, í samvirkni við væntanlegt frumkvæði að löggjöf, og samþætt þær ef það er talið mögulegt.
- 11) Til að veita nægan tíma til að ljúka við endurskoðunarferlið fyrir alla vöruflokka og til að tryggja markaðssamfellu fyrir leyfishafa ætti að framlengja gildistíma núgildandi viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun fram til 31. desember 2025 fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss, til 31. desember 2026 fyrir rúmdýnur, til 31. desember 2023 fyrir ídrægar hreinlætisvörur og til 31. desember 2026 fyrir húsgögn og fyrir gólflklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus.
- 12) Því ætti að breyta ákvörðunum (ESB) 2014/312/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB, (ESB) 2016/1332 og (ESB) 2017/176 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

<sup>(6)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/176 frá 25. janúar 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gólflklæðninga að meginhluta úr viði, korki og bambus (Stjtið. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 44).

<sup>(7)</sup> Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsta aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (COM(2017) 355 lokagerð).

<sup>(8)</sup> [https://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/policy\\_footprint.htm](https://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/policy_footprint.htm)

<sup>(9)</sup> Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Ný aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu“ (COM(2020) 98 lokagerð).

<sup>(10)</sup> [https://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/documents/PEFCR\\_Decorative%20Paints\\_Feb%202020.pdf](https://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/documents/PEFCR_Decorative%20Paints_Feb%202020.pdf)

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á ákvörðun 2014/312/ESB**

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/312/ESB kemur eftirfarandi:

*„4. gr.*

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2025.“

*2. gr.*

**Breyting á ákvörðun 2014/391/ESB**

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/391/ESB kemur eftirfarandi:

*„4. gr.*

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2026.“

*3. gr.*

**Breyting á ákvörðun 2014/763/ESB**

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/763/ESB kemur eftirfarandi:

*„4. gr.*

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2023.“

*4. gr.*

**Breyting á ákvörðun (ESB) 2016/1332**

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2016/1332 kemur eftirfarandi:

*„4. gr.*

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „húsgögn“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2026.“

*5. gr.*

**Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/176**

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/176 kemur eftirfarandi:

*„4. gr.*

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „gólflaklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2026.“

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Virginijus SINKEVIČIUS

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_